


✉ Re: Skipulög í auglýsingu hjá Akraneskaupstað

Búið til	20.10.2020 15:16:49
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	20.10.2020 15:16:46
Tilheyrir	 202008-0028 - Auglýsing um skipulagsmál á Akranesi

Efni

Re: Skipulög í auglýsingu hjá Akraneskaupstað

Upplýsingar

Sent	20.10.2020 15:16:46	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	hafdis.sigurthorsdottir@akranes.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202008-0028 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupóst frá Akraneskaupstað, dags. 27. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland um kynningar á deiliskipulagi fyrir Skógarhverfi, áfanga 3A, og deiliskipulag Garðalundar og Lækjarbotna ásamt breytingu á aðalskipulagi Akraness.

Eins og kemur fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 22. maí sl. um skipulagslýsingu fyrir framangreind svæði þá ná skipulagstillögurnar yfir svæði í beinu framhaldi af þéttbýlinu á Akranesi. Af loftmyndum og öðrum gögnum að dæma er svæðið fyrst og fremst framræst tún og skógræktarreitir/útivistarsvæði og er að hluta inn á samþykktu aðalskipulagi. Upprunalegu náttúrufari á svæðinu hefur að mestu verið breytt en getur vissulega haft gildi fyrir lífríki þess. Verið er að stækka skipulagssvæðið úr tæpum 50 ha í 62 ha. Engar þekktar náttúruminjar eru á svæðinu.

Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar, staðsetningu skipulagssvæðisins og gildandi aðalskipulagi fyrir Akranes, náttúrufari svæðisins og umfangi breytinga gerir stofnunin ekki athugasemdir við framangreindar skipulagstillögur. Náttúrufræðistofnun leggur þó áherslu á að reynt sé eftir fremsta megni að halda í gæði svæðisins s.s. að halda í eða endurheimta votlendi sem hluta af útivistarsvæði.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



From: "Hafdís Sigurþórsdóttir" <hafdis.sigurthorsdottir@akranes.is>
To: "hev.asa@vesturland.is" <hev.asa@vesturland.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "magnus@minjastofnun.is" <magnus@minjastofnun.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is" <hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is>; "jensbb@internet.is" <jensbb@internet.is>
CC:
Subject: Skipulög í auglýsingu hjá Akraneskaupstað
Date: 27.8.2020 13:40:37

Góðan daginn

Meðfylgjandi er til kynningar deiliskipulag Skógarhverfi áf. 3A og deiliskipulag Garðalundar og Lækjarbotna ásamt breytingu á aðalskipulagi Akraness sem fylgir með. Auglýsing um um kynningu skipulagana mun birtast í blöðum 3. september með athugasemdafresti til 20. október 2020.

Með kveðju



Hafdís Sigurþórsdóttir

fulltrúi skipulags- og umhverfissviðs

S: 433-1052 / 8974033

Netfang: hafdis.sigurthorsdottir@akranes.is (<mailto:hafdis.sigurthorsdottir@akranes.is>)

www.akranes.is (<http://www.akranes.is>) / www.facebook.com/Akraneskaupstadur
(<http://www.facebook.com/Akraneskaupstadur>)



Viðhengi

image002.png (34 KB)

image001.gif (2 KB)

image001.jpg (1 KB)

image001.gif (2 KB)

